

8 Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli
22. jan. að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skifta honum milli beggja málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum gildir skilyrðislaust fyrir báða málsaðila sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

Í stjórnarráði Íslands, 22. janúar 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

9
29. jan.

Reglugjörð

fyrir váttryggingarsjóð fyrir sjómenn

samkvæmt lögum 30. júlí 1909.

1. gr.

Samkvæmt 4. gr. í lögum 30. júlí 1909, um váttrygging fyrir sjómenn, stjórnar váttryggingarsjóðnum þriggja manna nefnd undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, og kjósa þeir úr sínum flokki formann; féhirði og skrifara kjósa þeir einnig, en þeir mega vera utannefndarmenn, ef það þykir betur henta. Stjórnarnefndarmennirnir hafa einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að fé váttryggingarsjóðsins misfarist ekki.

2. gr.

Formaður kallar nefndarmenn á fundi þegar honum þykir þess við þurfa eða ef einhver úr nefndinni óskar þess; hann stjórnar fundum, undirskrifar bréf nefndarinnar ásamt öðrum nefndarmanni og ávísar gjöldum sjóðsins. Hann geymir fundabók og bréfabók nefndarinnar eða felur skrifara það.

3. gr.

Féhirðir tekur á móti gjaldi því, sem skráningarstjórar heimta saman eftir 3. gr. í nefndum lögum, og gjörir það arðberandi í sparisjóði eða með því að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans, og skulu þau vera skrásett í

bókum veðdeildarinnar sem eign váttryggingarsjóðsins; formaður skal og rita á þau að eigi megi þau afhenda án samþykkis stjórnar sjóðsins. Féhirðir greiðir 29. jan. og af hendi gjöld váttryggingarsjóðsins eftir ávísun formanns. Hann heldur dagbók yfir tekjur og gjöld og semur ársreikning yfir þau.

4. gr.

Skrifari annast bréfaskriftir váttryggingarsjóðsins undir umsjón formanns og geymir skjalasafn hans.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann hefir greitt váttryggingargjald fyrir, og skal þá skiftaráðandi sá, er annast á um skifti á búi hans, svo fljótt sem því verður við komið, skýra stjórn váttryggingarsjóðsins frá, hvenær og með hverjum atburðum hann hafi dáið, og á hvaða skipi hann síðast var lögskráður eða ráðinn, sem og hverjum beri að taka við váttryggingarupphæð þeirri, sem nefnd er í 5. gr. í lögum 30. júlí 1909, eftir reglu þeirri er nú skal greina:

1. Hafi sjómaðurinn látið eftir sig ekkju þá fær hún upphæðina.
2. Hafi sjómaðurinn látið eftir sig börn en eigi ekkju, þá tekur fjárhaldsmaður barnanna eða sá maður, sem skiftaráðandi skipar, við allri upphæðinni til jafnra skifta milli barnanna.
3. Hafi sjómaðurinn hvorki látið eftir sig ekkju né börn, en eigi föður eða móður á lífi, tekur faðirinn við upphæðinni fyrir beggja þeirra hönd, ef þau eru ekki skilin að lögum eða að borði og sæng, því þá tekur hvort við helmingnum, en sé annað þeirra dáið, tekur hitt til sín alla upphæðina.
4. Eigi sjómaðurinn systkini á lífi er hann dó, en hvorki ekkju, börn né foreldra, þá tekur sá maður, er skiftaráðandi skipar, við allri upphæðinni til jafnra skifta milli systkinanna.
5. Séu engir slíkir vandamenn til, en sjómaðurinn hafi gjört lögmæta erfðaskrá, þá skal sá taka við váttryggingarupphæðinni, sem þar er ákveðið, en hafi slík erfðaskrá ekki verið gjörð, eignast váttryggingarsjóðurinn upphæðina.

Nú deyr sá eða þeir allir, sem váttryggingarinnar njóta, áður en búið er að borga hana alla út, og fellur þá það, sem eftir er af henni, til þeirra, sem nefndir eru hér að ofan í næsta tölulið á eftir.

6. gr.

Váttryggingarupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmætri kvittun.

9

7. gr.

29. jan.

Hafi eigi spurst til skips eða skipshafnar í fulla 6 mánuði, skal álíta að hún hafi druknað, þegar eftir að síðast spurðist til hennar.

8. gr.

Ársreikningur félagsins skal endurskoðast af manni, er landstjórnin nefnir til, og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

Í stjórnarráði Íslands, 29. jan. 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

10

5 febr.

Reglugjörð

um breyting á fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár
(Ölfusár) í Árnessýslu 5. ágúst 1902.

61. gr. 1. liður orðist þannig:

Úrgangsfé úr aðalrétt Hrunamannahrepps lætur hreppsnefnd þess hrepps að afloknum réttum selja samdægurs.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 5. febrúar 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.